

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 5 (3.3.2016) - Urriðaholt - nýtt deiliskipulag (hluti - norðurhl.,viðskiptastr.,háholt)

Málsnúmer : 1507165
Málsaðili : Urriðaholt ehf.
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 03.03.2016

Inngangur :

Niðurstaða : Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 3. Tillagan er unnin af Alta ehf, Landslagi ehf og Arkís ehf á vegum landeigenda í samvinnu við Garðabæ. Þráinn Hauksson landlagsarkitekt, Egill Guðmundsson arkitekt og Hrafnhildur Brynjólfssdóttir skipulagsfræðingur gerðu grein fyrir tillögunni. Viðstaddur var Jón Pálmi Guðmundsson framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf.
Tillagan er í fullu samræmi við aðalskipulag og rammaskipulag.

Deiliskipulagið, sem nær til 9 ha svæðis, gerir ráð fyrir að hámarki 327 íbúðum í fjölbýli (3-5 hæðir) og rað- og parhúsum (1-2 hæðir), af mismundandi stærð í blandaðir byggð sem getur hentað fyrir alla aldurshópa. Við Urriðaholtsstræti verð fjölbýlishús með atvinnutengdri starfsemi á neðstu hæð sem snýr að götunni.

Skipulagsnefnd leggur til að ákvæði í grein 4.6.10 um smáhýsi verði breytt og að hámarksstæðr verði 10 m² í stað 15 m².

Skipulagsnefnd vísar tillögunni með ofangreindri breytingu til forkynningar í samræmi við 3.mgr. 40.greinar Skipulagslaga nr. 123/2010. Halda skal kynningarfund á meðan á forkynningu stendur.